

## RAFRÆNN REIKNINGUR – STÖÐUPPLÝSINGAR

### VISTUN RAFRÆNS REIKNINGS

14. október 2009

Ritnefnd um vistun rafræns reiknings

#### Inngangur

Rafrænn reikningur, eins og hefðbundinn reikningur, á uppruna sinn að rekja til samkomulags viðskiptaaðila um viðskiptalegar forsendur. Samkomulagið getur verið formlegt eða óformlegt, skriflegt eða munnlegt. Á grunni þessa samkomulags er reikningur síðan gefinn út af seljanda sem krafa á hendur kaupanda um endurgreiðslu vegna veittrar þjónustu og/eða afhentrar vöru.

Þörfin fyrir vistun reiknings og/eða gagna honum tengdum er til staðar allt frá undirbúningi að myndun reikningsins til eyðingar hans. Í 8. grein laga um bókhald 1994 nr. 145 29. desember segir að:

Sérhver færsla í bókhaldi skal byggð á áreiðanlegum og fullnægjandi gögnum sem rekja má til viðskiptanna. Ytri sem innri gögn skulu fela í sér upplýsingar sem nægja til réttmætrar skráningar í bókhaldið.

- Með ytri frumgögnum er átt við gögn frá þeim sem viðskipti eru gerð við, svo sem reikning, afreikning, greiðsluseðil, gíröseðil, greiðslukvittun, samning, myndrit, skeyti eða önnur jafngild frumgögn. Þessi gögn skulu bera með sér, eftir því sem við á, auðkenni útgefanda og viðtakanda og aðrar þær upplýsingar sem nauðsynlegar kunna að vera til þess að sannreyna megi viðskiptin.
- Með innri frumgögnum er átt við gögn sem verða til hjá hinum bókhaldsskylda sjálfum, svo sem samrit reikninga, afreikninga, greiðsluseðla, gíröseðla, greiðslukvittana, samninga eða skeyta, svo og öll önnur gögn sem gerð eru til að skrá hreyfingar eða millifærslur innan bókhaldsins sjálfs.
- Ávallt skal vera unnt að kalla fram og prenta þau skjöl sem liggja til grundvallar færslum í bókhaldi þegar um er að ræða sendingar milli tölva.

Skylda viðskiptaaðila til vistunar gagna sem tengjast reikningi nær því lengra en vistun reikningsins sjálfs og ber að hafa í huga við vistun hans.

## Rafrænn reikningur – mótuð skrá

Rafrænn reikningur er mótuð skrá sem inniheldur upplýsingar reiknings á tölvutæku formi og er frumeintak hans gefið út af seljanda eða í umboði hans. Rafrænan reikning má birta á mismunandi hátt og varpa milli skráarforma í ýmsum tilgangi en upphaflega skráin eða óbreytt afrit hennar teljast frumrit reikningsins.

## Líftími reiknings og gagna honum tengdum

Líftími reiknings er 7 ár frá útgáfu hans. Það er skylda viðskiptaaðila, þ.e. seljanda og kaupanda, að vista reikninginn á aðgengilegu formi á líftíma hans, reynist viðskiptaaðilum, lánadrottnum eða eftirlitsaðilum nauðsynlegt að kynna sér innihald hans á þeim tíma. Líftími gagna sem eru forsendur reiknings er því að minnsta kosti 7 ár, en í mörgum tilfellum mun lengri þegar fleiri en einn reikningur er gefinn út á samningstímanum.

## Vistun reiknings í rafrænu viðskiptaferli

Í rafrænu viðskiptaferli á vistun reiknings sér stað á ýmsum stigum ferlisins, þ.e. hjá seljanda og kaupanda auk þeirra milliliða sem mögulega taka að sér miðlun og vistun hins rafræna reiknings og fylgiskjala hans. Með milliliðum er átt við hýsingaraðila, virðisaukandi flutningsþjónustu o.s.frv. Samkvæmt leiðbeinandi tilmælum FME nr. 1/2005 um rekstur upplýsingakerfa eftirlitsskyldra aðila verður stjórnunarlegri ábyrgð ekki útvistað og því miklar kröfur gerðar til útvistunaraðila af hálfu verkkaupa og rík áhersla lögð á að til staðar sé ítarlegur þjónustusamningur. Felist þjónusta milliliðar með einhverjum hætti í meðhöndlun upplýsinga reikningsins er milliliðurinn þar með skyldugur til þess að vista og gera aðgengileg móttekin og afhent gögn í 7 ár þannig að rekjanleiki frumgagna sé tryggður. Meðhöndlun getur til dæmis verið umbreyting á skeyti frá EDIFACT sniði yfir á XML snið með óbreyttum viðskiptaupplýsingum. Við það verður til nýr reikningur, nýtt frumgagn, sem þjónustuaðili er þar með orðinn skyldugur til að geyma í 7 ár auk upprunalega EDIFACT skeytisins. Sé eingöngu um að ræða miðlun upplýsinga á milli viðskiptaaðila þá ber millilið aðeins skylda til að vista reikninginn þar til móttaka hans hefur verið staðfest. Honum ber þó að vista upplýsingar um viðkomandi flutning rafrænna skjala á milli viðskiptaaðila í 7 ár til stuðnings rekjanleika gagnanna og eigin reikningi fyrir þjónustuna. Mælt er með að framkvæmd og vinnslur hjá millilið séu „vottaðar“ eða mat lagt á innri áhættustýringar milliliða til að eftirlitsaðilar fái fullvissu um framkvæmd og áreiðanleika þjónustunnar. Margar leiðir eru til staðar og má helst nefna t.d. ISAE 3402, SAS70 skýrslur eða sambærilegar skýrslur.

Í 20. grein laga um bókhald 1994 nr. 145 29. desember er sérstaklega tekið fram að áður nefnd gögn sem tengjast rafrænum reikningi og frumrit reikningsins sjálfs skulu vistuð á Íslandi þó með þeirri undantekningu að félögum sem fengið hafa heimild til að færa bókhald og semja ársreikning í erlendum gjaldmiðli (skv. 1. mgr. 11. gr. A laga um ársreikninga) er heimilt að vista gögn skv. 1. mgr. erlendis í allt að sex mánuði. Mikilvægi vistunar hér á landi kemur sérstaklega vel í ljós ef vistunaraðili hættir störfum eða verður gjaldþrota, þ.e.a.s. þegar gögnin verða aðfararhæf.

Greinin (20. grein) kveður jafnframt á um að ef tölvubúnaði sem nauðsynlegur er til að kalla fram bókhaldsgögn er breytt eða fargað þá beri að yfirfæra bókhaldsgögnin á nýjan tölvutækan miðil þannig að áfram verði unnt að kalla þau fram.

## Nýting vistaðra gagna - kröfur eftirlitsaðila

Eftir að rafrænn reikningur og önnur gögn honum tengd hafa verið vistuð hjá viðskiptaaðilum þurfa eftirlitsaðilar að geta haft aðgang að gögnunum. Þessir aðilar eru m.a. eigendur fyrirtækjanna sem í viðskiptunum eiga, stjórnendur þeirra, ytri endurskoðendur, innri endurskoðendur ef þeir eru til staðar og skattyfirvöld. Tilfni þessara aðila til að nálgast gögnin getur verið margs konar sem gerir ríkar kröfur til gagnanna á líftíma þeirra, svo sem um heilindi, aðgengi og áreiðanleika.

### Heilindi

Með heilindum gagna er átt við að gögn séu rétt, heil og gild (correct, complete, valid) frá því að þau verða til þar til geymslutíma þeirra er lokið. Þetta þýðir að tryggja þarf að bókhaldsfærslum sé ekki breytt eftir að þær verða til. Ef þörf verður á leiðréttingu skal hún gerð með sérstökum leiðréttingarfærslum en ekki með breytingum á upprunafærslunni. Hægt er að beita ýmsum rafrænum eftirlitsaðgerðum til þess að tryggja að gögnum sé ekki breytt. Þessar aðferðir byggja t.d. á aðgangstakmörkunum, dulkóðun eða tékksummunum auk atvikaskráningar (e. logging) til að rekja aðgerðir sem framkvæmdar eru og læsingu geymslumiðla fyrir ritun upplýsinga eftir að þeir hafa verið settir í geymslu í lögboðinn tíma.

## Aðgengi

Eftirlitsaðilar hafa hagsmuni af því að gögnin séu aðgengileg hjá viðskiptaaðila eða þjónustuaðila hans allan geymslutíma þeirra. Ekki er gerð krafa um rauntímaaðgang heldur að gögnin séu aðgengileg innan eðlilegra tímamarka sem almennt eru talin vera 3 virkir vinnudagar.

Birting gagnanna getur verið með ýmsu móti, allt eftir tilefninu. Tækniforskrift Staðlaráðs um einfaldan rafrænan reikning innifelur lýsingu á stílsniði sem hlotið hefur viðurkenningu hagsmunaaðila sem almennt viðmið um birtingu rafræns reiknings. Viðskiptaaðilar og/eða löggjafinn geta vísað í þetta stílsnið og/eða önnur stílsnið eftir þörfum og aðstæðum.

## Áreiðanleiki

Ekki er nægilegt að bókhaldsfærslur séu formlega gildar heldur verða þær einnig að vera áreiðanleg gögn. Atriði sem ógnað getur áreiðanleika gagnanna er t.d. öryggisveikleikar í upplýsingakerfi viðskiptavinar, sem gera það að verkum að ekki er hægt að treysta því að raunveruleg viðskipti séu á bakvið bókhaldsfærslur.

Samhangandi númeraröð á reikningum í bókhaldskerfi seljanda tryggir að allar tekjur hafi verið færðar til bókar. Einkvæm númer koma í veg fyrir tvígreiðslur reikninga.

## Breytingastjórnun – reglum fylgt

Uppsetning og breytingar á fjárhagskerfum eru vandasamar, ekki síst þegar huga þarf að kröfum löggjafans um virkni kerfanna. Fyrirtæki skulu ávallt leita sér upplýsinga hjá þar til bærum aðilum um þessar kröfur við undirbúning uppsetninga eða breytinga. Vísað er m.a. á skilyrði gildandi reglugerða um rafrænt bókhald, geymslu rafrænna gagna og lágmarkskröfur til rafrænna bókhaldskerfa.

## Reglur Evrópusambandsins um virðisaukaskatt og væntanlegar breytingar

Rafræn viðskipti eru í eðli sínu án landamæra þó svo að starfsemi viðskiptaaðila mótist af lögum og reglum í heimalandi. Tilskipun Evrópusambandsins um virðisaukaskatt er ekki hluti af EES-samningnum en með hliðsjón af aukinni samþættingu evrópsks viðskiptaumhverfis, jafnvel aðild Íslands að ESB, þá er eðlilegt að horft sé til þeirra reglna sem gilda um virðisaukaskatt innan sambandsins. Í stórum dráttum má segja að ákvæði tilskipunar Evrópusambandsins séu samhljóða íslenskum lögum nema er varðar virðisaukaskattsuppgjör milli landa, þ.e.a.s. að útskattur í einu aðildarríki getur verið innskattur í öðru. Sérstaklega er hér bent á kafla 3 og 4 í tilskipuninni sem fjallar um „Invoicing“ og „Accounting“. Tækniforskrift Staðlaráðs um einfaldan rafrænan reikning er að grunni til þannig upp byggð að auðvelt verður að aðlaga hana að núverandi og væntanlegum kröfum ESB um virðisaukaskatt, en vinna er í gangi innan sambandsins við að útfæra breytingar á ákvæðum um VSK til þess að auðvelda innleiðingu rafræna reikninga<sup>1</sup>.

<sup>1</sup> <http://register.consilium.europa.eu/pdf/en/09/st05/st05991.en09.pdf>